


Vestmannaeyjum 18. Júní 2021

Umhverfis- og framkvæmdasvið Vestmannaeyjabæjar.
Skildingavegi 5
900 Vestmannaeyjum



Efni: Álit Bjargveiðimannafélags Vestmannaeyja vegna lundaveiða sumarið 2021 og hugmynda um friðlýsingu búsvæða sjófugla í Vestmannaeyjum.

Allt frá því að farið var að takmarka lundaveiðar í Vestmannaeyjum, vegna afkomubrests og ætisskorts lundans, hafa bjargveiðimenn sýnt ábyrgð og haft frumkvæði að því að takmarka veiðar. Enda eru bjargveiðimenn náttúrusinnar sem vilja ganga vel um náttúruna og stunda sjálfbærar veiðar.

Bjargveiðimenn í Vestmannaeyjum hafa alltaf verið viljugir til samvinnu við vísindamenn um rannsókir á lundastofninum og tekið tillit til ábendinga þeirra og miðlað til þeirra upplýsingum. Þeir munu að sjálfsögðu halda því áfram og hvetja, eins og áður, til aukinna rannsókna á þessu sviði.

Ítarlegar rannsóknir á lundastofninum hafa ekki verið framkvæmdar nema allra síðustu ár. Þess vegna er samanburður útkomu þeirra rannsókna við fyrri tímabil erfiður og ekki mjög marktækur. Hitt er þó vitað að sveiflur hafa verið í lundastofninum, án þess að fyrir liggi hvers vegna þær sveiflur hafi átt sér stað, og ef til vill hefur áður átt sér stað afkomubrestur í líkingu við þann sem við horfðum upp á um og eftir árið 2005.

Það er mat Bjargveiðimannafélagsins að mikilvægt sé að viðhalda þeim áratuga gömlu venjum og þeirri menningu sem lundaveiðum í Eyjum hefur fylgt. Enda er það órjúfanlegur þáttur af sögu og menningu Vestmannaeyja. Í ljósi þess að undanfarin ár hefur horft betur með varp og viðkomu lundans, sem sést best á auknum fjölda pysja sem hefur verið skilað inn til pysjueftirlitsins, líta bjargveiðimenn svo á að lundinn sé að rétta úr kútnum og leyfa sér að trúa því að framhald verði á þeirri þróun.

Bjargveiðimenn leggjast því, eins og áður, gegn algjöru banni á veiði lunda. Í ljósi þess sem að framan er sagt, leggjum við til að leyfð verði veiði að minnsta kosti í tíu daga í ágúst. En, eins og undanfarin ár, hvetur Bjargveiðimannafélagið félagsmenn sína til þess að gæta hófs og ganga af virðingu um náttúruna, nú sem endranær.

Bjargveiðimannafélagið leggst alfarið gegn friðlýsingu búsvæða sjófugla við Vestmannaeyjar, sem verið hefur til umræðu, og telur að mikilvægt sé að heimamenn afsali sér ekki forræði á þessum svæðum. Bjargveiðimannafélagið leggur áherslu á að heimamenn hafi haft frumkvæði að veiðitakmörkunum og varkárri umgengni um búsvæði sjófugla og telur að heimamenn hafi sýnt það, með frumkvæði sínu, að þeir eru meðvitaðir um mikilvægi þess að ganga varlega um sjófuglabýggðir sem og aðra náttúru Eyjanna. Þeir telja að stjórn þessara mála sé mun betur borgið í höndum heimamanna en höndum embættismanna á höfuðborgarsvæðinu sem bæði hafa litla þekkingu á svæðinu og lítinn skilning á hefðum og venjum og ábyrgri umgengni heimamanna um þessi svæði.

Einnig mótmælir félagið þeim breytingum sem verið er að leggja til á veiðum á súlu- og fýlsungum. Þar sem til stendur að banna að þessir fuglar verði veiddir með því að rota þá. Viljum við hvetja bæjaryfirvöld til að mótmæla þessu einnig. Því með þessu er verið að koma í veg fyrir nytjar á súlu sem hér hafa tíðkast um ómunatíð.

F.h. Bjargveiðimannafélags Vestmannaeyja,



Ólafur Gumundsson Veiðifélagi Brandsins